

301. fundur Skólanefndar FS

9. mars 2010



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, Ingimundur Þ. Guðnason, Ríkharður Ibsen, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson og Sigfús Jóhann Árnason og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Skóli í Grindavík.
 2. Úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni.
 3. Þjónusta við 10. bekk grunnskólanna.
 4. Önnur mál.

1. Skóli í Grindavík.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi framhaldsskóla í Grindavík. Menntamálaráðherra hefur ákveðið að skóli hefjist þar í haust og verði útibú frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Enn er margt óljóst í málinu en skólastjórnendur hafa verið í sambandi við Grindvíkinga og ráðuneytisfólk.

2. Úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni.

Hópur atvinnulausra ungmenna hefur hafið nám við skólann en skólinn bauð þetta úrræði í samstarfi við Vinnumálastofnun. Um er að ræða átta vikna nám og stundar 21 nemandi það. Búið er að auglýsa eftir verkefnastjóra til að halda utan um þetta nám.

3. Þjónusta við 10. bekk grunnskólanna.


Skólameistari sagði frá því að skólinn hefur óskað eftir styrk frá menntamálaráðuneyti til að geta boðið nemendum 10. bekkjar grunnskólanna að stunda nám í valáföngum við skólann næsta vetur. Gert er ráð fyrir að styrkur ráðuneytisins greiði 45% af kostnaðinum, sveitarfélögin greiði 40% og skólinn 15%.

4. Önnur mál.

- a) Rætt um starfsemi foreldrafélags.
- b) Enn er verið að vinna að nýjum skólasamningi með ráðuneytismönnum.
- c) Spurt um starfsemi Fisktækniskólans. Skólinn er að fara af stað með nám fyrir hóp ungmenna í samstarfi við Vinnumálastofnun. Verið er að undirbúa almennt nám í skólanum og fjármögnun þess.
- d) Rætt um svokallað Fab Lab en Nýsköpunarmiðstöð hefur sýnt áhuga á samstarfi við skólann og Keili um slíkt verkefni.

- e) Hjálmar benti á fréttir um að lífssklukka Íslendinga sé ekki í takti við skipulag náms. Hann lagði til að skoðað verði hvort starfsemi skólans eigi að hefjast síðar á morgnana og ljúka síðar á daginn.
- f) Skólameistari kynnti erindi frá Virkjun, miðstöð fyrir atvinnulausa. Þar er óskað eftir stuðningi til að tryggja framtíð miðstöðvarinnar. Skólinn mun áfram veita þá þjónustu sem veitt hefur verið í Virkjun, þ.á.m. ráðgjöf námsráðgjafa, og styðja þannig starfsemina.
- g) Ekki verður sendur hópur frá skólanum á ráðstefnu Evrópuþingsins eins og á síðasta ári. Ekki hefur gefist tími til að afla styrkja að þessu sinni en forsvarsmenn verkefnisins hafa boðið skólanum að senda nemendur árlega án þess að sérstakt boð komi til. Vonast er til að hægt verði að fara með hóp á næsta skólaári.
- h) Spurt um GeoCamp Iceland verkefnið. Skólameistari sagði stuttlega frá stöðu verkefnisins.
- i) Rætt um umgengni, reykingar og notkun munntóbaks í skólanum.
- j) Hjálmar spurði um flutning útilistaverks. Ekki hefur enn verið hægt að flytja verkið að Holtaskóla vegna þess að ekki hefur fengist fullbúinn krani til verksins.
- k) Nemendur og kennarar skólans taka þátt í Mottu-mars, átaki Krabbameinsfélags Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari